

Truenorth  
Fiskislóð 31a  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. október 2023  
UST202310-137/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku og aksturs utan vega í Reykjanesfólkvangi**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth, dagsett, 11. október 2023, um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku í fjörunni norðan við Syðristapa. Base camp yrði á bílastæði við Seltún en tech base á bílastæði á höfðanum norðan við fjöruna. Búnaður yrði ferjaður niður í fjöruna á 4x4 bílum. Að tökunum koma 45-50 manns á 7-9 tækjabílum, búningarúta og 5-7 jeppum/jepplingum. Kort sem sýnir staðsetningu bílastæða og tókusvæðis fylgdi með umsókn. Tökurnar færu fram milli kl 11:00-16:00 þann 17. október 2023. Að tókum loknum yrðu öll ummerki afmáð.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd jarðmyndana á svæðinu og valdið truflunum fyrir aðra gesti. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega innan Reykjanesfólkvang sbr. lýsingu hér að ofan 17. október 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandaskal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Til að koma í veg fyrir myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka bifreiðum sem flytja búnað að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal fjölda farartækja og ferða eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

René Biasone  
*sérfræðingur*